

$\frac{1}{3}$ hluti, og eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum þeim, er síðar kunna **126** til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað 21. desbr. milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndirnar hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í Breiðdalshreppi og 3 í Stöðvarhreppi, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiptingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, frekari aðgjörða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Breiðdalshreppi sem dómpinghá nje manntalsþinghá.

Samþykkt

127
18. desbr.

um breyting á fiskiveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjasýslu.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886 og 20. des. 1901 um breyting á fyrnefndum lögum, gjört og hjeraðsfundur fallizt á eptirfylgjandi

samþykkt

um breyting á samþykkt 29. apríl 1901, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu.

1. gr. orðist þannig:

Í febrúarmánuði skal eigi róið til fiskjar frá náttmálum til kl. 5. f. háð., frá 1.—20. marzmánaðar, að báðum þessum dögum meðtöldum, eigi fyr en kl. 4 f. háð., frá 20. marzmánaðar til 20. aprilmánaðar, að þeim degi meðtöldum, eigi fyr en kl. 2 f. háð. og frá 20. aprilmánaðar til vetrarvertíðarloka ekki fyr en kl. 1 f. háð.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. febrúar 1906, og kunngjörð til eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 18. desember 1905.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.